



Pési

Næsti Pési kemur út
12.mars. 2015. Efni
þarf að berast í síðasta
lagi 9.mars. 2015.



HRUNAPRESTAKALL Helgihaldið vetur, vor og sumar 2015

18. jan.: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *kvöldmessa* með léttri tónlist í Hrunakirkju kl. 20:30.

15. feb.: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hreppólakirkju kl. 11 og *messa* í Ólafsvallakirkju kl. 14.

1. mars: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11.

15. mars: *Guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hreppólakirkju kl. 14.

3. apríl – föstudagurinn langi: *Passíusálmalestur* í Hreppólakirkju frá kl. 13.

5. apríl – páskadagur: *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8, *hátíðarmessa* í Hreppólakirkju kl. 11 og *hátíðarmessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

6. apríl – annar í páskum: *Hátíðarmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 11. Ferming.

23. apríl – sumardagurinn fyrsti: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11.

3. maí: *Guðsþjónusta* í Hreppólakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

24. maí – hvítasunnudagur: *Ferming* í Hrunakirkju kl. 13:30.

25. maí – annar í hvítasunnu: *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11

7. júní: *1865-messa* í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar.

Kvöldmessa í Ólafsvallakirkju kl. 20:30

17. júní: *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.

21. júní: *Guðsþjónusta* í Steinsholtskirkjugarði kl. 11. *Kvöldmessa* í Hreppólakirkju kl. 20:30

16. ágúst: *Hestamannamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14

23. ágúst: *Síðsumarmessa* í Tunguféllskirkju kl. 14

5. sept.- laugardagur: *Uppskerumessa* í Hrunakirkju kl. 11 – fjölskylduhátíð.

SJÁUMST Í KIRKJUNNI!

Febrúar 2015
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

25. árgangur.
290 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Febrúar hefur heilsað okkur og þórrinn gengið í garð. Eins og venjulega er þetta tími umhleyplinga og annars sveifluveðurs. Klakinn ýmist fer eða kemur og slabbið heldur innreið sína. Í þannig ástandi er alltaf fagurt að blóta þorra innan dyra og þórrablót kvenfélagsins var vel heppnað. Gott frumkvæði hjá þeim kvenfélagskonum að styrkja gott málefni. Ég tek jafnan ofan fyrir þessum förnfúsa félagsskap sem hefur afar þýðingarmikið hlutverk í okkar samfélagi.

Nú liggur fyrir niðurstaða útboðs í gatnagerð og lagnir í Högnastíg á Flúðum. Þetta verður nokkuð mikið verk en það er jafnframt unnið í samstarfi við Mílu og Rarik. Lægstbjóðandi í verkið var Gröfütækni ehf þannig að heimamenn munu sjá um þetta. Míla hefur annars verið í framkvæmdum að tengja vesturbæ Flúða við ljósleiðarakerfið með að fara með ljósleiðara úr símsstöðinni í ráðhúsinu og upp í vatnstank. Gott verk en hefði mátt vera framkvæmt í meira samstarfi við landeigendur og aðra aðila um framkvæmdina. Þetta verk var forsenda þess að Síminn gæti komið upp 4G sendi upp á Högnastaðaás og jafnframt ætti vesturbærinn að geta loksins tengst ljósnetismöguleikum Mílu þegar því er lokið.

Samhliða verkinu upp í Högnastíg er planið að setja bundið slitlag á endann á Vesturbrúninni. Fljótlega þurfum við því að funda með eigendum fasteigna við þær götur þar sem framkvæmdir eiga sér stað til að fara yfir verkið jafnframt því að kynna fylgifyska þessara framkvæmdar því það kemur víst að skuldadögum með seinni hluta gatnagerðargjalda.

Fleira er í deiglu hjá sveitarfélaginu. Nú liggur fyrir að Tómas Þórir sem hefur þjónað okkur vel í sorphirðu fyrir sveitarfélagið hyggst hætta þeirri starfssemi á árinu. Sveitarfélögin í Uppsveitum, og reyndar Flóa líka, eru að skoða möguleika á því að standa sameiginlega að sorphirðu á svæðinu jafnframt því að sjá hvort hægt sé að þróa flokkun sorps enn meira. Annars er samstarf sveitarfélaganna alltaf að aukast. Búið er að samþykkja að Flóahreppur verði tekin inn í Tæknisvið Uppsveita sem hefur sannað gildi sitt en það er alltaf gaman að vinna með góðum grönnum.

Þá hafa sveitarfélögin í Árnessýslu utan Árborgar stofnað byggðasamlag um rekstur skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíkinga. Þetta fyrirkomulag kemur í stað samstarfssamnings um sama málefni en ákvæði sveitarstjórnarlaga leggur þessa skyldu á okkar herðar að hafa samstarfið í þessu formi. Þetta samstarf hefur annars gengið mjög vel og gaman að vinna að því áfram.

Annað skemmtilegt verkefni sem er að fara af stað er að Námsmatsstofnun samþykkti umsókn Hrunamannahrepps um að framkvæma ytra mat á leikskólanum Undralandi. Ytra mat er þá mats hins glögga „gests auga“ á starfssemi skólans en það er alltaf gott að fá utanaðkomandi álit á hvernig við erum að standa okkur. Annars var skemmtilegt að taka þátt í karladeginum í leikskólanum og einnig degi leikskólans föstudaginn 6 febrúar s.l. Ég hvet alla til að kíkja við í búðinni og lesa lýsingar barnanna á feðrum sínum. Dásamlegt hvernig börnin sjá hlutina í sínu ljósi.

Þá er einnig hafin vinna við að gera afnotasamning við Fannborg ehf vegna starfssemi þeirra í Kerlingarfjöllum. Þeir eru í uppbyggingarsókn en við viljum meina að eftir því sem samgöngur batna á Kjalvegi verði Kerlingarfjöll einn helsti ferðamannastaður landsins. Þetta er reyndar flóknari vinna þar sem svæðið er í þjóðlendu og því kemur ríkið líka að þessu máli. Hins vegar er mikilvægt að þessi góða starfssemi Fannborgarmanna geti þróast og þroskast með eðlilegum hætti.

Ég vil síðan að lokum óska öllum góðs þorra og enn betri góu.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

Pistill sóknarprests

Kæru sveitungar.

Ég þakka ánægjulegar samverur á síðustu vikum, bæði í kirkjunum okkar og eins á þorablótunum. Fyrir nokkru var **dagskrá helgihaldsins** fram á sumar dreift í öll hús í prestakallinu og vona ég að henni hafi verið fundinn staður á ísskáp heimilisins. Sem kunnugt er samanstendur prestakallið okkar af fjórum sóknum, Hrunasókn, Hrepphólasókn, Ólafsvallasókn og Stóra-Núpssókn og tvisvar á ári hittast allar sóknarnefndir ásamt sóknarpresti til að stilla saman strengi.

Hvert fara þín sóknargjöld?

Síðasti fundur sóknarnefndanna var nú í janúar og var þá m.a. rætt um mikilvægi þess að brýna fyrir íbúum í prestakallinu að huga að trúfélagsskráningu sinni. Sóknargjaldið sem er um 750 krónur á mánuði rennur til þess trúfélags sem fólk er skráð í en ef hins vegar fólk er utan trúfélaga þá rennur sóknargjaldið beint í ríkissjóð. Það er sem sagt ekki val að greiða sóknargjaldið heldur er það bundið í lög og innheimt í sköttunum okkar. Sé fólk skráð í Þjóðkirkjuna er tryggt að sóknargjaldið rennur óskipt til þeirrar kirkjusóknar sem það tilheyrir. Þess vegna viljum við sem erum í forsvari fyrir kirkjustarfið í okkar samfélagi eindregið hvetja fólk til að skrá sig í Þjóðkirkjuna, tilheyri það ekki henni nú þegar, og stuðla þannig að uppbyggingu á mikilvægu starfi í okkar nærumhverfi. Kóra- og menningarstarf, fjölbreytt helgihald árið um kring, tónleikar, barna- og æskulýðsstarf og sálgæsla er meðal þess sem sem kirkjan stendur fyrir ásamt því að eiga stefnumót við fólk á tímamótum mannsævinnar, við skírn, fermingu, hjónavígslu og útför. Hægt er að nálgast eyðublöð til trúfélagsskráningar á vef Þjóðskrár Íslands, skra.is en einnig hjá sóknarpresti sem auk þess veitir fúslega frekari upplýsingar. Við þurfum á sóknargjöldum sem allra flestra að halda til að standa vörð um kirkjustarfið á okkar svæði.

Viðmiðunargjald fyrir afnot af kirkjum

Á fundi sóknarnefndanna nú í janúar var einnig rætt um að setja upp viðmiðunargjaldskrá fyrir fólk sem býr utan okkar sókna og óskar eftir afnotum af kirkjunum til sérathafna og er þá einkum átt við skírnarathöfn og hjónavígslu. Yfirleitt þykir fólki sem kemur að mjög eðlilegt að greiða eitthvað fyrir afnot af kirkju og hefur þá stundum sett einhverjar krónur í kirkjubaukinn þar sem ekki hefur verið tilgreind nein sérstök upphæð. Með því að setja upp viðmiðunargjald þá fá allir sömu svör þegar spurt er um kostnað vegna afnota af kirkju. En gjaldinu er ætlað að koma til móts við kostnað sem m.a. snýr að kirkjuvörslu, þrifum ofl. vegna athafnanna.

Rætt var um upphæðir eins og 3000 kr. fyrir afnot af kirkju v. skírnar og 10000 kr. v. hjónavígslu.

Til að byrja með verður ekki um stranga innheimtu að ræða heldur verður þessum tilmælum beint til fólks vilji það styðja við kirkjuna og kirkjustarfið í viðkomandi sókn. Þá var einnig ákveðið á fundinum að samræma gjald á milli kirkjugarðanna í prestakallinu vegna afnota á rafmagni á ljósakrossum á aðventunni og um jól. Stefnt er að því að gjaldið verði 1000 krónur og er þá miðað við að fólk geti fengið aðstoð við uppsetninguna fyrstu helgina í jólaföstu.

Til sóknar með kirkjunni!

Eftir efnahagshrunið varð verulegur niðurskurður hjá mörgum lykilstofnunum í samfélaginu. Kirkjan tók sinn skerf þar og gott betur því niðurskurður hjá kirkjunni var riflega fimmtungi meiri en hjá öðrum stofnunum á vegum innanríkisráðuneytisins svo dæmi sé tekið. Vonandi sér fyrir endann á þeim niðurskurði og raunar eru vísbendingar uppi um að að ríkið ætli að bæta kirkjunni að einhverju leyti upp þennan umfram niðurskurð á næstu misserum. Því bæri að fagna. Ég minni á heimasíðu prestakallsins, **hruni.is**, þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um helgihaldið, nýtt efni birtist á síðunni í hverri viku. Einnig vek ég athygli á afmælisdagskrá í tengslum við 150 ára afmæli Hrunakirkju á þessu ári.

Við skulum áfram standa vörð um öflugt kirkjulíf í okkar samfélagi þar sem fjölbreytileiki, gleði og vinátta ráða ríkjum. Kirkjurnar okkar eru ekki varnarkirkjur heldur sóknarkirkjur og því skulum við sækja fram með boðskapinn góða um kærleika og fyrirgefningu.

Með blessunaróskum.
Óskar Hafsteinn Óskarsson



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

| | |
|------------------------|-------------|
| Mánudaga til föstudaga | 09:30-18:00 |
| Laugardaga | 10:00-18:00 |
| Sunnudaga | 11:00-17:00 |

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



**Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið,**

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.

**Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.**

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Gistiheimilið Flúðum - Kaffi Grund

Í vetur verður opið:

Mánudaga til fimmtudaga: 11:30 - 14:00 og 18:00 - 21:00

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga: 11:30 - 21:00

Sími 565 9196 og 896 1286

gamlagrund@simnet.is www.gistingfludir.is

Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímamantanir í Síma 856-1599

Minni á deildafund Sláturfélags Suðurlands, miðvikudaginn 25. febr
n.k. kl. 20.30 á Brautarholti.

Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Uppsveitakort 2015

Nú er hafin árviss endurskoðun á Uppsveitakortinu
sem gefið er út árlega í 40.000 eintökum og dreift víða.
Hægt er að skoða kortið á vefnum www.sveitir.is/kort

Vinsamlegaast hafið samband ef þið hafið athugasemdir
eða upplýsingar um breytingar á korti eða þjónustulista.
Hjálpumst að við að gera gott kort betra.
Með kveðju frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu
asborg@ismennt.is sími 8981957

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Uppsveitadeildin 2015



Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta hefst föstudaginn 20. febrúar 2015 í Reiðhöllinni Flúðum.

Fyrsta kvöldið verður keppt í fjórgangi. Föstudaginn 20. mars hefst keppni í fimmgangi og lokakeppnin í tölti og fljúgandi skeiði verður haldin þann 17. apríl. Að þessu sinni etja saman kappá sína átta keppnislið frá félögunum þremur. 24 knapar munu sína okkur sínar bestu hliðar og án efa verður hart barist um að komast í úrslit.

Í keppnisliðunum átta eru 36 knapar. Þar má sjá reynda keppnisknapa í bland við þá sem eru að byrja keppnisferil sinn. Spennandi verður að sjá hverjir standa uppi sem sigurvegarar

Hestamannafélagið Logi

Knútur Ármann.
Linda Karlsson.
Dórothea Ármann.
Guðrún Magnúsdóttir.
Líney Kristinsdóttir.

Arnar Bjarki Sigurðarson.
Árný Oddbjörg Oddsdóttir.
Sólun Morthens.
Þórey Helgadóttir.

Kristján Ketilsson.
Emil Þorvaldur Sigurðsson.
Jón Óskar Jóhannesson.
Finnur Jóhannesson.

Hestamannafélagið Smári

Guðjón Örn Sigurðsson.
Hulda Finnsdóttir.
Eiríkur Amarsson.
Tor Steinsson Sorknes.
Gunnlaugur Bjarnason.

Sigurbjörg Bára Björnsdóttir.
Hermann Þór Karlsson.
Gunnar Jónsson.
Birna Káradóttir.

Guðmann Unnsteinsson.
Ragnhildur S. Eypórsdóttir.
Björgvín Ólafsson.
Björgvín Viðar Jónsson.

Berglind Ágústsdóttir.
Jón William Bjarkason.
Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson.
Hannes Gestsson.
Bjarni Þirgisson.

Hestamannafélagið Trausti

Bjarni Bjarnason.
Ragnheiður Bjarnadóttir.
Halldór Þorbjörnsson.
Guðjón Sigurliði Sigurðsson.
Hildur Kristín Hallgrímsdóttir.

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er **480 5112**

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Bútar úr starfi Frjálsíþróttadeildar UMFH 2014

Veturinn 2013-2014 voru í æfingar einu sinni í viku fyrir börn á aldrinum 6-16 ára. Alls voru iðkendurnir rúmlega 50 sem skiptust í fjóra æfingahópa.

Æfingarnar voru öllum opnar og nýttu um 20 börn úr nágrennasveitum sér æfingarnar. Þjálfari var Guðbjörg Viðarsdóttir.

Góð þátttaka var á innanhússmótum HSK og kepptu fleiri undir merkjum Hrunamanna á yngri mótunum en nokkru sinni fyrr. Samtals fóru 38 keppendur mótin þrjú: Héraðsleikana á Hellu (10 ára og yngri), Aldursflokkamótið (11-14 ára) og Unglingamótið (15-22 ára) sem haldin voru í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal í Rvk. Á eldri mótunum fengu Hrunamenn 21 verðlaun þar af fjóra HSK-meistaratitla. Máni Snær Benediktsson (12 ára) sigraði 800m hlaupið og Sigríður Helga Steingrimsdóttir (14 ára), Aron Ernir Ragnarsson (11 ára) og Una Bóel Jónsdóttir (11 ára) sigruðu öll í kúluvarpi. Á Héraðsleikum er öllum veitt þátttökuverðlaun og ekki veitt sérstök verðlaun fyrir efstu sætin en okkar keppendur voru fjölmörgum sinnum í efstu sætunum.

Keppnisið HSK-SELFOSS sigraði stigakeppnina á Íslandsmeistaramóti 11-14 ára innan húss sem fram fór í febrúar. Tíu Hrunamenn voru þátttakendur í því liði og lönduðu þar fimm verðlaunapeningum í einstaklingsgreinum auk þess að vera í mörgum boðhlaupsveitum sem nældu sér í verðlaun. Tveir Hrunamenn urðu Íslandsmeistarar í einstaklingsgreinum en það voru þau Máni Snær Benediktsson (12 ára) sem vann 800 m á tímanum 2:38:82 og Una Bóel Jónsdóttir (11 ára) sem vann kúluvarp með kasti upp á 7,20m.

Löng hefð hefur verið fyrir Páskamóti og stóð Ungmennafélagið fyrir því þann 19. apríl. Mótið var það 46. í röðinni og var þátttaka einstaklega góð, nærri 70 keppendur, á öllum aldri. Allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjöl en einnig voru sérstök verðlaun veitt fyrir besta afrek drengja og stúlkna, samkvæmt stigatöflu FRÍ. Verðlaunin hlutu Birgit Ósk Snorradóttir (14 ára) fyrir að stökkva 6,91m í þrístökki án atrennu og Kolbeinn Loftsson (12 ára) fyrir að stökkva 2,47 m í langstökki án atrennu. Ekki voru skipulagðar æfingar í sumar en nokkrir krakkar tóku þátt í HSK-mótum yngri kynslóðarinnar. Krökkunum gekk vel og komu heim með 15 verðlaun, þar af þrjá HSK-

meistaratitla. Una Bóel (11 ára) sigraði kúlu og spjót og stelpurnar Sigríður Helga Steingrimsdóttir, Eva María Ragnarsdóttir, Þorný Vaka Þorleifsdóttir og Ragnheiður Guðjónsdóttir hlutu gullverðlaun fyrir boðhlaup í 14 ára flokki.



Ragnheiður, Máni Snær og Una Bóel tóku einnig þátt í öðrum mótum í sumar þar sem þau gerðu það gott. T.d. varð Ragnheiður Unglingalandsmótsmeistari í kúluvarpi 13 ára, Una Bóel bæði Íslandsmeistari og Unglingalandsmótsmeistari í spjóti og kúlu 11 ára og Máni Snær var meðlimur í 12 ára piltasveit HSK-SELFOSS sem setti Íslandsmet í 4x100m á tímanum 56,12 sek.

Í haust var stjórn Frjálsíþróttadeildar UMFH formlega endurvakin og skipa hana María Magnúsdóttir, formaður, Bjarney Vigisdóttir gjaldkeri og Alma Jenný Sigurðardóttir meðstjórnandi.

Æfingar hófust aftur um miðjan september. Deildin fékk fleiri tíma í íþróttahúsinu og gafst nú krökkum frá 6. bekk að æfa tvisvar í viku. Sífellt fjölgaði iðkendum alla önnina og var svo komið um áramót að þak var sett iðkendafjöldi og biðlistar settir í gang. Fjöldi iðkenda var þá orðinn um 70 talsins.

Nokkrir krakkar kepptu fyrir hönd UMFH á haustmótunum. Á Inni-Gaflarann (mót sem haldið var nýju Frjálsíþróttahöllinni í Hafnarfirði) fóru fjórtán krakkar og fengu þeir alls 9 verðlaunapeninga og bættu allir sinn árangur sinn í einni eða fleiri grein. Fimm keppendur fóru á Silfurleika ÍR og komu heim með tvo verðlaunapeninga.

Frjálsíþróttadeildin stóð fyrir æfingamóti þann 17. desember og fékk mótið nafnið Jólámót Hrunamanna. Mótið var opið öllum iðkendum sem stunda æfingar hjá Frjálsíþróttadeildinni. Mótið var haldið í æfingatíma hvers hóps og gekk það sérlega vel enda margir foreldrar tilbúnir að aðstoða og starfa á mótinu.

Í lok ársins stóð stjórn Frjálsíþróttadeildarinnar fyrir því að hanna og láta framleiða keppnisbúninga fyrir iðkendur og hafa búningarnir vakið lukku. Stjórn Frjálsíþróttadeildar UMFH





Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í **febrúar og mars** sem hér segir:

Föstudaga kl. 17.00 til 20.00.

Laugardaga kl. 11.00 til 20.00.

Lokað á sunnudögum, að sunnudeginum 8. mars undanskildum (daginn eftir Hjónaball ☺).

Utan opnunartíma er hægt að panta fyrir hópa, 10 manns eða fleiri og þá með góðum fyrirvara.

Verið hjartanlega velkomin!

**Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli
Sími 486-6454**

Heimasíða: www.kaffisel.is - Netfang: info@kaffisel.is – Facebook – *Kaffi-Sel*



Frá Útlaganum!
Vegna breytinga verður Útlaginn lokaður um ótiltekinn tíma.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Opið hús - Félag eldri Hrunamanna

Opið hús FEH verður *miðvikudaginn 25. febrúar kl. 14:00* í Félagsheimili Hrunamanna.

Hjörtur Þórarinnsson frá Selfossi kemur og flytur erindi um Fjalla-Eyvind. Fyrirspurnir og spjall að því loknu.

Kaffisala að venju að dagskrá lokinni. Allir áhugasamir velkomnir.

Kærar kveðjur, stjórnin



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Munið skilalúguna! ☺

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

| | |
|------------------------|-------------|
| Mánudaga til föstudaga | 09:30-18:00 |
| Laugardaga | 10:00-18:00 |
| Sunnudaga | 11:00-17:00 |

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866
BREYTTUR OPNUNARTÍMI
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
LAUGARDAGA 11-13



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Gleðilegt nýtt ár

Um leið og við þökkum ánægjuleg viðskipti á liðnu ári þá viljum við minna á að Landstólpi hefur uppá að bjóða fjölbreytt úrval af: stein- og bætiefnum, kúafóðri, kálfafoðri, hestafóðri, vatnsdöllum og vatnskörum, milligerðum, átgrindum, steinbitum, girðingarefni, hreinlætisvörum fyrir fjós og heimili, rúlluplasti, stæðuplasti, sáðvöru, o.fl

Vonumst til að eiga ánægjuleg samskipti á árinu 2015

Saltsteinn Natur



10 kg.

Hreint salt sem uppfyllir saltþörf alls búfjár
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Saltsteinn Plus



10 kg.

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, mangan, zink, kóbalt og seleni
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Steinefnablokk- Uniblokk



10 kg.

Steinefna- og bætiefna blokk með háu Selen innihaldi sem hentar fyrir nautgripi, hross og sauðfé.

Vítamínblokk Vitablock



10 kg.

Vítamínblokk sem inniheldur flest þau vítamín og snefilefni sem búfe þarf til að fóðrast vel.
Hentar ekki sauðfé.

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Mineraleimer



25 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Phosphoreimer



20 kg.

Steinefna- og bætiefna fata sem hentar sérlega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamíni eykur kalkupptöku við burð. Inniheldur kopar og hentar því ekki sauðfé.

Heyrúlluskeri plast- og netskræleri



Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann gripur plastíð og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar.

Skerinn er með öflugra tjakka sem eiga auðveldt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

Sterkur - Öflugur- Léttur

SUEVIA vatnsdallar og vatnstrog



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Vísindaferð

Hin árlega Vísindaferð hrossaræktarfélags Hrunamanna verður farin laugardaginn 14. mars næst komandi. Að þessu sinni verður um óvissu ferð að ræða en við lofum góðri skemmtun.

Vinsamlegast pantið fyrir 12.mars hjá Sigurði Hauki, Styrmi eða Báru svo hægt sé að útvega rútu undir mannskapinn.

Rútukostnaður verður 2000,- kr.

Hittumst hress, stjórnin.



„Frumkvöðladagur Uppsveitanna“.

Verður haldinn fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00-17:00.

Dagurinn er haldinn í samstarfi sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnassýslu

og markmiðið er að stuðla að nýsköpun og eflingu atvinnutækifæra á svæðinu.

Frá hugmynd til framkvæmdar - hugað verður að því hvernig er að hefja atvinnurekstur eða þróa. Stoðkerfið verður kynnt, styrkjámöguleikar og reynslusögum deilt. Í lok fundarins hafa áhugasamir tækifæri til að viðra hugmyndir sínar við ráðgjafa.

Fyrirhugað er að fá á fundinn fulltrúa úr stoðkerfinu s.s.

Nýsköpunarmiðstöð, Atvinnuráðgjöf SASS og Frumkvöðlasetri.

Staðsetning fundarins er á Cafe mika í Reykholti.

Nánari upplýsingar verða gefnar út síðar á heimasíðum sveitarfélaganna og í dreifibréfi.

Einnig má hafa sambandi við ferðamálafulltrúa asborg@ismennt.is

Óskað verður eftir skráningu þátttakenda.

Allir áhugasamir velkomnir.

Ferðamálaráð Uppsveita Árnassýslu

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Höfuðind frá landnámi



Smárafréttir

FEBRÚAR 2015



ADALFUNDUR Smára var haldinn á Hestakránni 26 janúar sl. Á fundinum fóru fram hefðbundin störf, reikningar og skýrsla stjórnar lögð fram til samþykkt, nefndir skiluðu skýrslum og fóru yfir það sem framundan er. Einnig var ráðist í þó nokkrar lagabreytingar og má finna ný lög inn á heimasíðu félagsins www.smari.is

Kosin var stjórn og varastjórn, skoðunarmenn reikninga og skipað í helstu nefndir. Nefndarskipan má sjá á næstu bls. og á www.smari.is Lilja össurardóttir gaf ekki kost á sér aftur og í hennar stað var kosin Svanhildur Pétursdóttir. Stjórn Smára býður Svanhildi velkomna til starfa og þakkar um leið Lilju kærlega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

STJÓRN

Ingvar Hjálmarsson formaður
Hulda Hrönn Stefánsd. Varaform.

Bára Másdóttir gjaldkeri
Svanhildur Pétursdóttir
Aðalheiður Einarsdóttir

VARASTJÓRN

Lilja Össurardóttir
Einar Logi Sigurgeirsson
Bára Sævaldsdóttir

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Þorgeir Vigfússon
Haukur Haraldsson

TIL VARA

Haraldur Sveinsson
Bjarni H. Ásbjörnsson

BLÆSBIKARINN

Í minningu Blæs frá Langholtskoti

er afhentur þeim félagsmanni er þykir hafa staðið uppúr hvað varðar árangur jafnt og faglegrar framkomu á síðasta ári. Blæsbikarinn fyrir árið 2014 hlaut

ÞÓRARINN RAGNARSSON .

Þórarinn var mjög sýnilegur á mótum ársins 2014. Sigráði m.a. Einstaklingskeppni Uppsveitadeildarinnar þar sem hann vann t.d. Fjórang og tólt og var í 2.sæti í skeiði og 4 sæti í fimmgang. Hafnaði í 4 sæti í tólti á LM2014 og 1 sæti í A flokki á gæðingamóti Smára. Þórarinn er því vel að viðurkenningunni kominn og vill stjórn Smára óska honum innilega til hamingju með frábæran árangur .



HELSTU VIÐBURÐIR 2015



14 FEBRÚAR

20 FEBRÚAR

7 MARS

14 MARS

20 MARS

1 APRÍL

11 APRÍL

17 APRÍL

25 APRÍL

1 MAÍ

9 MAÍ

1. VETRARMÓT

UPPSVEITADEILD FJÓRGANGUR

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

2. VETRARMÓT

UPPSVEITDAEILD FIMMGANGUR

SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

UPPSVEITADEILD TÖLT/SKEIÐ

3. VETRARMÓT

FIRMAKEPPNI

UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR

ÆSKULÝÐSNEFND

Meike Witt

Ragnar S. Geirsson

Bjarni Birgisson

Sigurður Unnar Sigurðsson

Guðbjörg Jóhannsdóttir

Elín Moquist

FIRMANEFND

Hulda Hrönn Stefánsdóttir

Aðalheiður Einarsdóttir

Ása María Ásgeirsdóttir

Bjarni Gunnlaugur

Bjarnason

VALLARNEFND

Helgi Kjartansson

Jökull Helgason

Sigfús Guðmundsson

MÓTANEFND

Guðríður Eva Þórarinsdóttir

Elín Moquist

Björgvin Ólafsson

Björgvin Viðar Jónsson

Ragnhildur Stefanía

Eyþórsdóttir

ÚTREIÐANEFND

Þorsteinn Loftsson

Stefanía Sigurðardóttir

Sigurður Unnar Sigurðsson

FULLTRÚI SMÁRA Í

FRAMKVÆMDANEFND

UPPSVEITADEILDARINNAR

Hermann Þór Karlsson

FULLTRÚAR SMÁRA Í STJÓRN

REIÐHALLARINNAR Á FLÚÐUM

Bjarni H. Ásbjörnsson

Sigurður H. Jónsson



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Hæ krakkar!



Nú förum við á flug og byrjum árið með stæl!

Strax núna í febrúar byrjum við með **reiðnámskeið með Gunnu** og í mars með undirbúning fyrir **UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR**.

Frá miðjan apríl munum við bjóða upp á "**reiðskóla**" á mánudögum í Reiðhöllinni á Flúðum. Þessi reiðskóli hentar öllum, vönum og óvönum og verður hægt að fá trausta hesta lánaða.

Þetta verður auglýst betur þegar nær dregur!



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

Nú styttist í mótarið Uppsveitadeildar Æskunnar en æskulýðsnefndir Loga og Smára vilja kanna þáttöku barna og unglunga til að sjá hvort að næg þáttaka sé til að halda mótariðina.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt vinsamlegast sendið mail þar sem fram kemur:

NAFN OG ALDUR KEPPANDA OG Í HVADA GREIN/GREINUM
KEPPANDI VÆRI TIL Í AÐ TAKA ÞATT Í

ATH. Þetta er bara könnun, ekki bindandi skráning!

7.mars. Keppt í þriggangi barna og fjórgangi unglunga.

11.apríl. Keppt í fjórgangi og töltil barna og fimmgangi og töltil unglunga.

9. maí. Keppt í smala barna og smala og fljúgandi skeiði unglunga.

Vinsamlegast sendið mail fyrir 15.febrúar á:
smarakrakkar@gmail.com

Fyrirhugað er að halda kynningarfund fyrir knapa og foreldra þann 15.febrúar til að fara vel yfir nýja regluverkið Uppsveitadeildarinnar Æskunnar.

**Vinsamlegast verið dugleg að fylgjast með
tilkynningum á Facebook síðu okkar
"Smáarakrakkar"!**



kveðjur, Æskulýðsnefnd

Kæru sveitingar !
Okkar árlega Hjónaball verður haldið í Félagsheimilinu á Flúðum 7. mars.



Húsið opnar kl. 19:30 og hefst dagskráin stundvíslega kl. 20:30.

Gistiheimilið Grund sér um matinn, matseðilinn hjá þeim er afar girnilegur.

Forréttur. Marineroð lúða í koriander og lime, reyktur lax á salatbeði, villibráðarbolur með bláberjasósu, sveitapate með rífsberjahlaupi og kjúklingaleggir

Aðalréttur. Gljád bayonneskinka, roast beef, hægeldaður grisahnakki í barbeque og villijurtakryddað lambalæri

Meðlæti. Smjörsteiktur kartöflur, kartöflusalat, ofnbakað rötargrænmeti, salat ala Grund, grænar baunir, rauðkál, rauðlaukssulta, döðlusulta, sveppasósa, rauðvinsósa.

Eftirréttur. Kaffi og konfekt.

Ofurhressa hljómsveitin „Strákarnir mínir“ ætla að halda uppi fjöri fram á rauða nótt.



Miðapöntun fer fram á netfanginu

hjonaballhrunamanna@gmail.com fyrir 27. febrúar.

Fólk er beðið um að sameina sig um 8,10 eða 12 manna borð sé þess kostur eða setja fram aðrar óskir.

Miðinn kostar 7.600 kr. sem þarf að greiða í síðasta lagi 2.mars inn á reikning 0325-13-700535 kt.6401692309 og senda kvittun á netfangið hjonaballhrunamanna@gmail.com

Ath. Það þarf ekki að prenta út miða og ekki sækja neina miða, einungis að senda kvittun á hjonaballhrunamanna@gmail.com

Ef þriðji aðili greiðir fyrir miðann þarf að setja nafn þess sem miðann á sem skýringu.

Ef einhverjir hafa ekki aðgang að netbanka þá er velkomið að hafa samband við einhvern úr nefndinni ☺

Hlökkum til að sjá ykkur öll !

Valdis, Unnsteinn, Ragnheiður, Smári, Anna María, Jón, Ásdís, Vignir, Heiða, Axel, Sigfríð, Elvar, Erla Björg, Vilberg, Erla, Leó, Bjarni, Guðrún.

